


# Bakflæðisaðgerð

Bakflæðisaðgerð er gerð hjá einstaklingum með svæsið vélinda-bakflæði eða langa sögu um slíkt. Aðgerðin er gerð með kviðsjá, gegnum fimm göt á kviðvegg. Þindarop er þrengt og efsti hluti magans vafinn 360 gráður utan um neðri hluta vélindans til að koma í veg fyrir bakflæði. Rétt er að gera ráð fyrir að vera frá vinnu í 1 – 3 vikur, háð starfi og líðan.



## Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

## Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6 - 8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is).

## Undirbúningur fyrir aðgerð

### Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingaaðferðir eru mismunandi eftir aðgerðum. Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókn er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

## Í símaviðtalinu verður spurt um:

- fyrri reynslu af svæfingum
- ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- hæð og þyngd
- áfengisneyslu og reykingar
- gervitennur og tannbrýr
- heilsufar og sjúkdóma
- lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Blóðþyngningarlyf

Í vissum tilvikum er gefið blóðþyngningarlyf með sprautu undir húð kvöldið fyrir aðgerð. Margir kjósa að gefa sér sprautuna sjálfir og fá þá leiðbeiningar um það í innskriftarviðtali.

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér snyrtivörur, inniskó, slopp, þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

## Aðgerðardagur

Fara þarf í sturtu áður en komið er á spítalann. Þrifa þarf naflann með bómullarpinna, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip, andlitsfarða og naglalakk. Ekki má nota húðkrem eftir sturtuna.

**Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing.**

Fyrir aðgerð þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluforni sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa innrennslisvökva og svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn. Svæfingunni er viðhaldið með svæfingalyfjum. Verkjalyf eru gefin meðan á aðgerð stendur.

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknunardeild þar sem fylgst er náið með líðan sjúklings, síðan fer hann á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild en nánasta aðstandanda er velkomið að hringja og fá upplýsingar um líðan. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað.

Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi lyfjagjöf. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Vart getur orðið við hálssærindi þar sem notuð er barkaþræðing eða kokgríma til að tryggja öndunarveg meðan svæfingin varir. Særindin hverfa að jafnaði á 1-2 dögum.

### Verkir

Verkjalyf eru gefin á föstum tímum og í samráði við sjúkling. Sjúklingur metur styrk verkja samkvæmt verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er 3 eða meira á kvarðanum á að láta hjúkrunarfræðing vita og eru þá gefin lyf eftir þörfum. Markmið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>10</b>
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir			Gríðarlegir verkir

### Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

## Matur og drykkur

Yfirleitt má fá mat á fljóttandi formi að kvöldi aðgerðardags og maukaðan mat daginn eftir aðgerð. Ráðlegt er að sitja uppréttur á matmálstíma, tyggja vel og drekka með mat. Næringarráðgjafi leiðbeinir um mataræði fyrir heimferð.

## Hreyfing

Hreyfing og djúpöndun er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfssemi hjarta og lungna, hún dregur úr líkum á fylgikvilla eins og blóðtappa eða lungnabólgu.

### Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- útskriftarfræðslu
- lyfseðil fyrir verkjalyfjum og ógleðistillandi lyfjum
- endurkomutíma hjá lækni
- viðtal við næringarráðgjafa og skriflegt fræðsluefni

## Útskrift

Útskrift er áætluð daginn eftir aðgerð.

## Símanúmer

Innskriftarmiðstöð 10E	543 2114
Dagdeild 13D, opin virka daga frá klukkan 7 til 19	543 7480
Kviðarhols- og þvagfæraskurðeild 13EG	543 7360

Sjúklingum og aðstandendum er velkomid að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahusið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahusins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
SKURÐLÆKNINGASVIÐ  
APRÍL 2017  
LSH-323

ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNIR SKURÐLÆKNINGAEILDAR  
OG DEILDARSTJÓRI 13EG

HÖNNUN:  
SAMSKIPTAEILD